



Alþingi
Erindi nr. Þ 142/45
komudagur 19.6.2013

19. júní 2013
Tilvísun 1306123

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum (flýtimeðferð), 20. mál á 142. löggjafarþingi Alþingis.

Með tölvupósti dagsettum 13. júní 2013 óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.


Í frumvarpi þessu er lagt til að við lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, bætist ákvæði til bráðabirgða þess efnis að þar sem ágreiningur í dómsmáli lýtur að lögmæti þess að binda fjárskuldbindingu við gengi erlendra gjaldmiðla, vísitölu eða uppgjöri slíkra skuldbindinga, þá skuli hraða meðferð slíks máls. Í greinargerð segir enn fremur m.a. að slíkum dómsmálum megi veita forgang fram yfir önnur mál sem bíða meðferðar hjá dómstólum. Í því felst að dómari sjái til þess að allir frestir í máli séu eins stuttir og mögulegt er og að dómur sé kveðinn upp hið fyrsta. Á þetta bæði við um mál sem rekin eru fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Þá er gert ráð fyrir að heimild þessi falli niður 1. janúar 2015.

Umrætt frumvarp virðist vera einfaldara í framkvæmd en þau frumvörp sem flutt hafa verið á fyrri þingum um sama efni og ekki náð fram að ganga.

Þrátt fyrir að töluverður fjöldi dóma hafi gengið hingað til um ólögmæt gengistryggð lán eru enn ýmis ágreiningsatriði óleyst. Seðlabanki Íslands telur því mikilvægt að niðurstaða í þeim málum fái stund og styður því samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur